

Fimmtudaginn 2. mars 1989.

Nr. 353/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Trausta Bergssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsibýgingar og lengingar ökuleyfissviptingartíma.

Vitnin Björn Valdimarsson og Hafdís Aðalsteinsdóttir skýrðu svo frá í yfirheyrslu hjá lögreglu sex dögum eftir að atvik máls þessa gerðust að ákærði hafi ekið bifreiðinni R-43640 á Magnús H. Skarphéðinsson, þar sem Magnús stóð fyrir framan bifreiðina. Vitnin Dröfn Björgvinsdóttir og Magnús Þ. Sigurjónsson lýstu þessum atvikum á sömu lund í skýrslum sínum hjá lögreglu. Fyrir sakadómi bar vitnið Björn að Magnús H. Skarphéðinsson hafi, er ákærði ók bifreiðinni að honum, hoppað upp „í því skyni að því er vitninu virtist, að komast upp á vélarlokið“. Vitnið Hafdís sagði einnig fyrir sakadómi að Magnús H. Skarphéðinsson hafi hoppað upp er ákærði ók bifreiðinni að honum. Í skýrslum, sem vitnin Dröfn Björgvinsdóttir og Magnús Þ. Sigurjónsson gáfu í sakadómi, staðfesta þau fyrri framburð sinn og skýra svo frá að Magnús H. Skarphéðinsson hafi lent uppi á vélarhlífinni við það að ákærði ók á hann.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til héraðsdóms verður að telja nægilega sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru. Ber því að refsa ákærða fyrir brot gegn lagaákvæðum þeim, sem getur í héraðsdómi, auk 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem einnig er ákært fyrir. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu, en rétt er

að svipta hann ökuleyfi í 2 ár. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Bergsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 2 ár frá birtingu héraðsdóms að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. september 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 22. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 495/1988: Ákærvaldið gegn Trausta Bergssyni, sem tekið var til dóms 9. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 17. maí sl., á hendur ákærða, „Trausta Bergssyni, Laugavegi 81, Reykjavík, fæddum 20. janúar 1953 þar í borg, fyrir að aka þriðjudaginn 15. mars 1988 bifreiðinni R-43640 án nægjanlegrar aðgæslu vestur Laugaveg í Reykjavík við hús númer 77 með þeim afleiðingum að bifreiðin rakst aftan á reiðhjól sem Magnús H. Skarphéðinsson, fæddur 2. júlí 1955, hjólaði á eftir götunni í sömu átt, en við það féll Magnús í götuna, og fyrir að hafa, er Magnús stóð upp eftir fallið, á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu hans í augljósan háska með því að aka bifreiðinni á Magnús, svo að hann kastaðist upp á vélarlok bifreiðarinnar og í framrúðu hennar, aka bifreiðinni með Magnús hangandi á vélarlokinu nokkurn spöl og snögghemla síðan bifreiðinni, þannig að hann féll í götuna, aka bifreiðinni síðan hratt og óvarlega vestur Laugaveg, hægra megin fram með bifreiðum sem þar var ekið í sömu átt, og að hluta til upp á gangstétt norðan götunnar, þannig að gangandi vegfarendur áttu fótum fjör að launa, og síðan inn á Vitastíg, en stuttu síðar gaf ákærði sig fram á lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 20. gr., 1.

mgr. 26. gr., 1. og 2. mgr., staflíð a, 36. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Kl. 17.02 þriðjudaginn 15. mars sl. var lögreglan í Reykjavík kvödd að Laugavegi 77 hér í borg. Fóru lögreglumennirnir Kristján Hallgrímur Kristjánsson og Þór Þorgeirsson á vettvang. Þar var þá fyrir nokkur hópur fólks og virtist lögreglumönnum eitthvað mikið hafa átt sér stað. Kristján Hallgrímur ræddi á vettvangi við mann sem kvaðst heita Magnús Skarphéðinsson, þar sem hann stóð við reiðhjól sitt, en það lá í götunni við hús Landsbankans nr. 77 við Laugaveginn. Þá lágu 3 pakkar dreifðir umhverfis hjólið. Skýrði Magnús frá því að bifreið hefði verið ekið á sig af ásetningi. Fengu lögreglumennirnir lýsingu á bifreiðinni, en er lögreglumennirnir komu á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113 nokkru síðar hafði ákærði þeggar gefið sig fram.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna við rannsókn og meðferð málsins.

Magnús Hall Skarphéðinsson, Grettisgötu 40 b hér í borg, kveðst umrætt sinn hafa ekið reiðhjóli sínu vestur Laugaveg með fyrirhugaðri akstursstefnu áfram þá götu. Veitti vitnið bifreiðinni R-43640 athygli þar sem hún var kyrrstæð við biðskuldumerki á gatnamótum Laugavegar og Barónsstígs. Kveður vitnið að er ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, hafi séð vitnið, hafi hann ekið af stað og stefnt beint á hjólið. Kveðst vitnið hafa getað komið í veg fyrir árekstur með því að beygja til hægri að gangstéttarbrún. Vitnið kveðst nú hafa hjólað hraðar til að þurfa ekki að fara upp á gangstéttina og farið fram fyrir bifreiðina, en þá kveðst það hafa orðið vart við að henni hafi verið gefið mikið inn og síðan hafi henni verið ekið aftan á reiðhjólið. Við það kveðst vitnið hafa fallið af hjólinu og þrír pakkar, sem voru á því, dreifst um götuna. Vitnið kveður sér hafa tekist að standa í fæturna og beðið nærstadda vegfarendur að hringja í lögregluna. Kveðst það síðan hafa gengið upp á gangstéttina norðan megin við Laugaveginn, við húsið nr. 77, á mótis við biðstöð Strætisvagna Reykjavíkur. Hafi bifreiðinni þá verið ekið aftur á bak en síðan áfram af miklum krafti og með miklum vélargný beint á vitnið. Við það hafi vitnið kastast upp á vélarlok bifreiðarinnar og lent á framrúðunni en náð af tilviljun taki á loftneti hennar. Kveður vitnið bifreiðinni hafa verið ekið mjög hratt með vitnið á vélarlokinu og framrúðunni og upp á gangstétt, um 20 metra vegarlengd að mati vitnisins. Þá hafi henni verið snarhemað og vitnið kastast við það beint fram af henni. Kveðst vitnið ekki hafa dottið en hrasað. Í

beinu framhaldi af þessu hafi bifreiðinni verið gefið mikið inn og ekið rakleiðis í átt að vitninu af enn meira afli en áður en vitninu tekist á síðustu stundu að forða sér undan bifreiðinni sem ekið hafi verið áfram með miklum hraða niður Laugavegin og upp á Vitastíg, þar sem hún hafi verið stöðvuð til að hleypa út konu.

Björn Valdimarsson, Æsufelli 2, Reykjavík, kveðst greint sinn hafa ekið bifreið sinni vestur Laugaveg í samfelldri röð bifreiða. Er vitnið kom að Barónsstíg tók það eftir bifreið sem ekið var niður Barónsstíg og virtist því að verið væri að reyna troða henni inn á Laugavegin. Lenti hún næstum á bifreið vitnisins. Af framangreindri ástæðu fylgdist vitnið með bifreið þessari í baksýnispegli bifreiðar sinnar. Er vitnið var komið rétt fram hjá gatnamótunum varð það einnig vart við reiðhjól, sem ekið var nálægt miðlínu Laugavegar, fyrir aftan bifreið vitnisins. Sá vitnið að hægra framhorn bifreiðar þeirrar, sem reynt hafði verið að troða inn á Laugavegin, lenti aftan á reiðhjólinu og að maðurinn á því var að burðast við að standa í fæturna. Stöðvaði vitnið bifreið sína, fór út úr henni og gekk að reiðhjólinu. Var nefndri bifreið þá fyrst ekið aftur á bak en síðan áfram. Gekk maðurinn, sem hafði verið á reiðhjólinu, fram fyrir bifreiðina. Við það var bifreiðin fyrst stöðvuð en síðan ekið af stað í átt að manningnum með nokkrum látum. Er hún var komin að manningnum hoppaði hann upp í því skyni, að vitninu virtist, að komast upp á vélarlokið. Var bifreiðinni ekið áfram og hafnaði maðurinn á vélarlokinu og virtist vitninu hann grípa um þurrkuþlað bílstjóramegin. Var bifreiðinni síðan ekið „með afli“ með manninn á vélarlokinu a.m.k. 10 metra, en þá var henni snögghemlað. Við það rann maðurinn fram af vélarlokinu og kom standandi niður. Hoppaði hann til hliðar og upp á gangstéttina. Virtist vitninu bifreiðinni þá vera ekið í átt að honum, upp á gangstéttina, en síðan eftir henni um 5-6 metra, en að því loknu var henni sveigt til vinstri inn á Laugavegin þar sem hún hvarf upp Vitastíg. Var fólk ekki á þeim hluta gangstéttarinnar sem henni var ekið eftir.

Vitnið taldi að ökumaður bifreiðar þessarar hefði stofnað reiðhjólamanningnum og öðrum sem þarna voru í mikla hættu með akstri sínum.

Hafdís Aðalsteinsdóttir, Æsufelli 2, Reykjavík, kveðst greint sinn hafa verið farþegi í bifreið sinni og eiginmanns síns, fyrrnefnds Björns Valdimarssonar, og setið í hægra framsæti hennar. Á móts við Barónsstíg varð vitnið vart við bifreið sem verið var að reyna að troða inn á Laugavegin. Var henni ekki gefið færi á því og ók Björn bifreiðinni áfram. Vitnið varð vart við að hann horfði mikið í baksýnispegilinn og sagði svo: „Hvað er að ske?“ Sneri vitnið sér þá við og sá hvar sömu bifreið og reynt hafði verið að troða inn á Laugavegin af Barónsstíg var ekið aftan á reiðhjól sem var á milli bifreiðar vitnisins og fyrrgreindrar bifreiðar. Fóru vitnið

og Björn þá út úr bifreiðinni. Féll reiðhjólíð í götuna og einnig dattu af því 3 pakkar. Hrasaði maðurinn á reiðhjólinu við þetta en féll ekki í götuna. Var bifreiðinni þá ekið aftur á bak og síðan áfram, upp á gangstétt norðan megin götunnar, í því skyni, að því er vitninu virtist, að hverfa af vettvangi. Gekk maðurinn, sem var á reiðhjólinu, þá fram fyrir bifreiðina og reyndi að stöðva hana. Var henni þá ekið ákveðið að honum. Er hún kom að honum hoppaði hann upp. Var bifreiðinni ekið áfram og hafnaði maðurinn uppi á vélarloki hennar. Virtist hann reyna að ná handfestu einhvers staðar. Var bifreiðinni síðan ekið hratt með manninn á vélarlokkinu frá suðvesturhorni hússins nr. 77 við Laugaveg að veitingahúsinu Eldvagninum, en þar var henni snarhemað. Við það féll maðurinn fram af vélarlokkinu. Kom hann standandi niður og forðaði sér upp á gangstétt. Var þá bifreiðinni ekið á eftir honum og að en síðan sveigt frá.

Vitnið kvað það mat sitt að ákærði hefði með akstri sínum stofnað fjölda manns í hættu.

Dröfn Björgvinsdóttir, Kambsvegi 8, Reykjavík, ók bifreið sinni umrætt sinn vestur Laugaveg og var ein bifreið milli bifreiðar vitnisins og reiðhjólins. Er vitnið kom að Barónsstíg sá það að reiðhjól lá á akbrautinni rétt vestan gatnamótanna. Hafði maðurinn á reiðhjólinu fallið af því og var að rísa á fætur. Fór vitnið út úr bifreiðinni og er það kom að hjólinu hafði hjólreiðamaðurinn gengið fram fyrir bifreið sem þarna var. Rétt í þann mund sem vitnið kom þarna að var bifreið þessari ekið þjösnalega að mannum, þar sem hann stóð frman við hana, og síðan snögghemað rétt við hann. Var bifreiðinni síðan ekið aftur á bak og svo aftur áfram og á manninn. Lenti hann uppi á vélarloki bifreiðarinnar en gat haldið sér þar uns henni var snögghemað eftir að hafa borið manninn með sér nokkurn spöl. Er bifreiðin stöðvaðist féll maðurinn fram af henni á gangstéttina norðan akbrautarinnar og var bifreiðin þá komin upp á gangstéttina. Forðaði maðurinn sér nú frá bifreiðinni og var henni þá ekið á mikilli ferð vestur Laugaveg, að nokkru uppi á gangstétt, og hægra megin fram með bifreiðum sem voru á leið vestur götuna. Var bifreiðinni síðan ekið nokkurn spöl eftir gangstéttinni þar til henni var ekið inn á akbrautina.

Vitnið kvað það mat sitt að ökumaður bifreiðarinnar hefði stofnað hjólreiðamanninum og öðrum vegfarendum, sem voru á gangstéttinni, í mikla hættu. Kvaðst vitnið ekki áður hafa séð annan eins háskaakstur og þetta mest líkst því að vera komin í kvikmyndahús en ekki raunveruleikanum á Laugavegi í Reykjavík í mikilli umferð akandi og gangandi.

Magnús Þórarinn Sigurjónsson, Ásvallagötu 69, Reykjavík, gekk greint sinn norður Barónsstíg og niður Laugaveg. Er vitnið kom niður á Laugaveg sá það fólksbifreið á þeirri götu á móts við hús nr. 77. Stóð maður fyrir framan bifreiðina og rétti upp hönd í þeim tilgangi, að vitninu virtist, að

stöðva hana. Var bifreiðinni ekið fyrst áfram að manningum, síðan aftur á bak og svo áfram á fullu afli á hann. Hafnaði maðurinn við þetta uppi á vélarhlífinni og barst með bifreiðinni örstuttan spöl uns henni var snarhemað með þeim afleiðingum að hann féll fram af henni. Eftir þetta var bifreiðinni ekið hratt og með miklu ískri og drunum upp á gangstétt norðan megin götunnar og á ofsahraða hægra megin við bifreiðar sem voru á leið vestur Laugaveg, og síðan í burtu. Forðaði fólk, sem var á gangstéttinni við vesturenda Landsbankans, sér frá bifreiðinni.

Vitnið kvaðst vart í annan stað hafa séð slíkan akstur.

Pétur Lúðvík Marteinson, Vesturvangi 15, Hafnarfirði, ók bifreið sinni greint sinn niður Laugaveg. Stöðvaði vitnið bifreiðina á bifreiðastæði vinstra megin götunnar gegnt Landsbankahúsinu. Allt í einu varð vitnið vart við að bifreið var gefið mikið inn þannig að vældi í dekkjunum. Leit vitnið þá til hægri og sá hvar bifreiðinni var ekið fram hjá vitninu með mann á vélarlokinu. Reyndi maðurinn að halda sér. Var bifreiðinni ekið með manninn á vélarlokinu og snögghemað um tveimur billengdum fyrir framan bifreið vitnisins. Féll maðurinn fram af vélarlokinu og í götuna, stóð upp og fór upp á gangstétt norðan megin götunnar. Var bifreiðinni þá ekið aðeins til hægri í átt að manningum, en síðan sveigt frá og ekið af miklu afli niður Laugaveg.

Unnur Rúnarsdóttir, Laugavegi 81, Reykjavík, sambýliskona ákærða, var farþegi í bifreið ákærða umrætt sinn. Samkvæmt framburði vitnisins ók ákærði bifreið sinni norður Barónsstíg með fyrirhugaðri akstursstefnu vestur Laugaveg. Er ákærði var kominn inn á Laugavegin varð vitnið vart við mann á reiðhjóli við hlið bifreiðarinnar og rákust hægri hlið bifreiðarinnar og reiðhjólíð saman. Ók maðurinn á reiðhjólinu áfram meðfram bifreiðinni og rakst á framhorn hennar með þeim afleiðingum að hann féll í götuna. Var maðurinn áður búinn að steyta hnefann framan í vitnið og ákærða. Stóð maðurinn upp og virtist mjög reiður. Ætlaði ákærði nú að halda áfram niður Laugaveg en þá hoppaði maðurinn upp á vélarlok bifreiðarinnar og barst með henni um eina billengd, en rann þá niður af vélarlokinu, eftir að bifreiðinni var hemað, og féll í götuna.

Vitnið kvaðst ekki muna hvað gerðist eftir þetta.

Ákærði kvaðst umrætt sinn hafa ekið bifreiðinni R-43640 norður Barónsstíg og beygt henni vestur Laugaveg. Er ákærði hefði verið kominn inn á Laugavegin kvaðst hann hafa orðið þess var að reiðhjól skrapaðist við hægri hlið bifreiðarinnar. Kvað ákærði manninn á reiðhjólinu hafa steytt hnefann inn um hægri hliðarrúðu bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hafa hægt á ferð bifreiðarinnar og reiðhjólamaðurinn þá ekið fram úr henni og snögghemað hjólinu fyrir framan hana með þeim afleiðingum að framendi bifreiðarinnar snerti afturenda reiðhjólsins. Kvað ákærði reiðhjólamanninn

hafa stigið af hjólinu og ygglt sig framan í ákærða. Kvaðst ákærði nú hafa ætlað að komast fram hjá manningnum hægra megin við hann eftir gangstéttinni, en þá hefði maðurinn stokkið upp á vélarlok bifreiðarinnar og barið með hnefanum í framrúðuna. Ákærði kvaðst hafa ekið snögglega af stað og snarhemað eftir um þriggja metra akstur. Við það hefði maðurinn dottið beint fram af bifreiðinni. Þessu næst kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni aftur á bak frá manningnum og svo fram hjá honum hægra megin eftir gangstéttinni, þannig að hjól bifreiðarinnar fóru upp á hana. Kvaðst ákærði telja að um 1/4 hluti bifreiðarinnar hefði farið upp á gangstéttina og hann ekið henni um 5-6 metra áður en hann hefði sveigt henni aftur til vinstri. Kvaðst ákærði hafa ekið fram hjá einni bifreið sem verið hefði kyrrstæð á götunni. Ákærði kvaðst ekki hafa séð nokkurn mann á þeim kafla gangstéttarinnar sem hann hefði ekið bifreiðinni eftir.

Að þessu loknu kvaðst ákærði hafa beygt bifreiðinni upp Vitastíg, þar sem samþýliskona ákærða hefði farið út úr henni, en eftir það hefði hann gefið sig fram við lögregluna.

Ákærði kvaðst ekkert þekkja Magnús Skarphéðinsson en vita hver hann er. Kvað ákærði að Magnús hefði fyrir um 1½ til 2 árum ekið reiðhjól sínu á móti bifreið ákærða á Grettisgötu. Enginn árekstur hefði orðið en Magnús orgað eitthvað og steytt hnefann á eftir bifreiðinni.

Ákærði og vitnið Magnús Hall Skarphéðinsson voru samprófaðir bæði við rannsókn og meðferð málsins. Héldu báðir fast við eigin framburð og samprófanirnar því árangurslausar.

Kristján Hallgrímur Kristjánsson lögreglumaður gerði frumskýrslu um málið og lögreglumaðurinn Þór Þorgeirsson samdi skýrslu um vettvangsathugun. Hafa lögreglumennirnir komið fyrir dóminn og staðfest þessi verk sín.

Niðurstöður.

1. Með framburði vitnanna Magnúsar Hall Skarphéðinssonar, Björns Valdimarssonar og Hafðisar Aðalsteinsdóttur er sannað að ákærði hafi greint sinn ekið bifreiðinni R-43640 án nægjanlegrar aðgæslu vestur Laugaveg á móts við hús nr. 77 með þeim afleiðingum að bifreiðin rakst aftan á reiðhjól sem fyrrgreindur Magnús Hall, sem fæddur er 2. júlí 1955, hjólaði eftir götunni í sömu átt, en við það féll Magnús í götuna.

2. Þá er einnig sannað með framburði sömu vitna og vitnanna Drafnar Björgvinsdóttur og Magnúsar Þórarins Sigurjónssonar að ákærði hafi síðan á ófyrirleitinn hátt stofnað heilsu og jafnvel lífi Magnúsar Hall í augljósan háská með því að aka bifreiðinni á Magnús eftir að hann hafði risið upp eftir fallið, svo að hann kastaðist upp á vélarlok bifreiðarinnar og í framrúðu hennar, og með framburði sömu vitna og vitnisins Péturs Lúðvíks

Marteinssonar að ákærði hafi ekið nokkurn spöl með Magnús hangandi á vélarlokinu og síðan snarhemað bifreiðinni með þeim afleiðingum að Magnús féll í götuna.

3. Að lokum er sannað með framburði vitnanna Magnúsar Hall, Björns, Drafnar og Magnúsar Þórarins að ákærði hafi ekið bifreiðinni eftir þetta hratt og óvarlega vestur Laugaveg, hægra megin fram úr bifreiðum og að hluta til uppi á gangstétt norðan götunnar, sem er ein fjölfarnasta gata gangandi vegfarenda í borginni, og stofnað þannig lífi og heilsu þeirra í augljósan háska. Samkvæmt framburði Drafnar og Magnúsar Þórarins verður enn fremur að telja sannað að fólk hafi verið á gangstéttinni er ákærði ók eftir henni.

Varðar atferli ákærða í 1. lið niðurstöðukaflans við 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, í 2. lið kaflans varðar brot ákærða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og í 3. lið hans varðar háttsemi hans við sama ákvæði hinna almennu hegningarlaga og 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 20. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. og 2. mgr., staflíð a, 36. gr. umferðarlaganna.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum refsingum:

- 1975 29/10 Sátt: 18.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Ökuleyfisvopting 3 mán. frá 29.10. 1975.
- 1976 21/6 Sátt: 40.000 kr. sekt f. brot gegn 27. gr. umfl.
- 1978 5/4 Sátt: 120.000 kr. sekt f. brot gegn 25. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá 6.12. 1977.
- 1979 23/7 Sátt: 120.000 kr. sekt f. brot gegn 27. gr. umfl.
- 1981 12/10 Dómur: Ákæru f. brot gegn 248. gr. hgl. vísað frá dómi.
- 1982 26/2 Sátt: 1.000 kr. sekt f. brot gegn 27. gr. umfl.
- 1984 10/2 Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot gegn 25. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi 12 mán. frá 4.11. 1983.
- 1985 31/1 Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot gegn 27. gr. umfl.
- 1987 12/2 Dómur: 3 mánaða fangelsi skb. 2 ár f. brot gegn 142. gr. hgl.

Hinn 27. janúar 1981 var ákærða veitt ökuleyfi á ný.

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með háttsemi þeirri, sem ákærði er hér sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð dómsins frá 12. febrúar 1987. Ber nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að taka þann dóm upp og dæma með máli þessu samkvæmt reglum 77. gr. sömu

laga. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Ökuleyfissvipting.

Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. umferðarlaga skal svipta mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar að hann hafi ökuréttindi.

Að mati dómsins þykir akstur ákærða greint sinn hafa verið mjög víta-verður. Þá ber að taka tillit til þess að ákærði hefur 7 sinnum áður hlotið refsingu vegna umferðarlagabrota, þar af þrisvar vegna ölvunaraksturs, þar sem hann sætti í öll skiptin ökuleyfissviptingu. Þykir hæfilegt að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki 12 mánuði frá dómsbirtingu að telja.

Samkvæmt 103. gr. umferðarlaga, sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að ákveða að áfrýjun fresti eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Bergsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki 12 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.
